

# Fundargerð



MÝVATN

## Sveitarstjórn Skútustaðahrepps. 52. fundur.

að Hlíðavegi 6, miðvikudaginn 10. apríl. 2013, kl 9:00.

### DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning.
2. Erindi frá sýslumanni, ósk um umsögn um endurnýjað rekstrarleyfi til handa Ástu Lárusdóttur, Skútustöðum, jafnframt því sem Ásta óskar eftir að umsóknaraðili verði Skútustaðir Gistiheimili ehf.
3. Fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar dags. 26. mars.
4. Fulltrúi á aðalfund Baðfélags Mývatnssveitar.
5. Ályktun frá aðalfundi Veiðifélags Mývatns.
6. Ályktun frá stjórn Veiðifélags Laxár og Krákár.
7. Fulltrúi í vinnuhóp um vargeyðingu innan verndarsvæðis Mývatns og Laxár.
8. Framlagning kjörskrár v/alþingiskosninga 27. apríl n.k.

### Til kynningar:

Fundargerð stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga dags. 22. mars.

Fundargerð HNE dags. 13. mars.

Fundargerð stjórnar Sorpsamlags Þingeyinga dags. 20. feb.

Mættir: Dagbjört Bjarnadóttir, Böðvar Pétursson, Karl Emil Sveinsson, Eyrún Björnsdóttir, Friðrik K. Jakobsson.

1. Fundarsetning.  
Oddviti setti fund.

**2. Erindi frá sýslumanni, ósk um umsögn um endurnýjað rekstrarleyfi til handa Ástu Lárusdóttur, Skútustöðum, jafnframt því sem Ásta óskar eftir að umsóknaraðili verði Skútustaðir Gistiheimili ehf.**

Með bréf er óskað umsagnar sveitarstjórnar um endurnýjað rekstrarleyfi til handa Ástu Lárusdóttur til sölu heimagistingar, gistiskála og sumarhús, flokkur I og II. Þá er jafnframt óskað eftir því að umsóknaraðili verði Skútustaðir Gistiheimili ehf sem Ásta er í forsvari fyrir.

Sveitarstjórn veitir umbeið leyfi fyrir sitt leyti.

**3. Fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar dags. 26. mars.**

Í fyrsta lið fundargerðarinnar kemur fram að fulltrúar Laxár ehf. (áður Landafélagið) hafi mætt til fundarins og kynnt frumhönnun á hóteli í landi Arnarvatns. Skipulags- og umhverfisnefnd lagði áherslu á markmið í kafla 4.1.3, byggingarlist og mannvirkjagerð í tillögu að Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023.

Í öðrum lið er tekið fyrir erindi frá Forsætisráðuneyti um stofnun þjóðlendu sbr. 14. gr. laga nr. 6/2001 með síðari breytingum. Meðfylgjandi er úrdráttur úr úrskurði Óbyggðanefndar í máli nr. 1/2007 og landspildublað.

Nefndin leggur til við sveitarstjórn að samþykkja erindið og að skipulags- og byggingafulltrúa verði falin málsmeðferð.

Í þriðja lið er tekið fyrir erindi frá Kára Þorgrímssyni, þar sem óskað er eftir framkvæmdaleyfi til skógræktar á 160 ha. svæði, í landi Garðs, sbr. 13. gr. laga nr. 123/2010 og reglugerð nr. 772/2012. Meðfylgjandi eru ræktunaráætlun, greinargerð frá Skipulagsstofnun, samningur um þátttöku í landhlutaverkefni um skógrækt og álitsgerðir frá Fornleifavernd ríkisins, Landgræðslunni og Skógræktinni.

Nefndin leggur til við sveitarstjórn að framkvæmdaleyfið verði veitt þó með þeim fyrirvörum sem fram koma í niðurstöðum Skipulagsstofnunar og Fornleifaverndar ríkisins og að skipulags- og byggingafulltrúa verði falin málsmeðferð.

Í fjórða lið er tekið fyrir erindi frá Eflu hf. f.h. Landsnets þar sem óskað er eftir umsögn Skútustaðahrepps um tillögu að matsáætlun Kröflulínu 3, skv. 2. mgr. 8. gr. laga nr. 106/2000, m.s.br. og 15. gr. reglugerðar nr. 1123/2005 um mat á umhverfisáhrifum. Lega Kröflulínu 3 er í meginatriðum eins og hún er sýnd í tillögu að Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023. Fyrirhuguð lína, valkostur C eins og hún er sýnd á uppdrætti 1 á loftmyndakorti er þó ekki í samræmi við aðalskipulag og leggst nefndin eindregið gegn því að sá kostur verði valinn einkum vegna vistfræðilegra áhrifa sem sú línulögn myndi hafa í för með sér. Að örðu leiti gerir nefndin ekki athugasemdir við matsáætlunina.

Í fimmta lið er tekið fyrir erindi frá Ólafi H. Jónssyni f.h. Landeigenda Reykjahlíðar ehf. þar sem óskað er eftir umsögn um landsskipti í landi Reykjahlíðar eins og kveðið er á um í 13. gr. nr. 81/2004.

Nefndin vísar erindinu til baka þar sem hún telur að ekki hafi verið uppfyllt ákvæði 16. gr. laga nr. 46/1941 um landskipti um að leita samþykkis allra hagsmunaaðila: „Landeigendum er frjálst að skipta sjálfir landi á milli sín, ef þeim kemur saman um það öllum og leiguliðar og aðrir, er nokkurn rétt hafa á landinu og skiptin snerta hagsmunalega, gefa samþykki sitt til þess“

Nefndin dregur í efa að þessi gjörningur styrki stöðu sveitarfélagsins í yfirstandandi skipulagsvinnu og verður að skoða það sérstaklega m.t.t. vaxtar og þróunar sveitarfélagsins.

Í lið sex er tekið fyrir erindi frá Stefáni Erni Stefánssyni arkitekt f.h.

Vatnajökulsþjóðgarðs þar sem sótt er um heimild til að reisa nýtt landvarðahús í Drekgili skv. m.f. teikningu.

Nefndin telur að ekki sé hægt að verða við erindinu þar sem húsið nær út fyrir byggingarreitinn eins og hann er skilgreindur í gildandi deiliskipulagi. Hún leggur hins vegar til við sveitarstjórn að gerð verði óveruleg breyting á gildandi deiliskipulagi skv. 2. mgr. 43. gr. laga nr. 123/2010 sem feli í sér stækkun á byggingareit til samræmis við stærð væntanlegrar byggingar. Skipulags- og byggingafulltrúa verði falið að grenndarkynna tillöguna skv. 2. mgr. 44. gr. laga nr. 123/2010.

Í sjöunda lið er tekið fyrir erindi frá Þórði H. Ólafssyni f.h. Vatnajökulsþjóðgarðs, þar sem hann óskar eftir því að skipulagslýsing vegna deiliskipulags áningar- og þjónustusvæðis við Dettifoss verði tekið til formlegrar umfjöllunar í skipulags- og umhverfisnefnd. M.f. er skipulagslýsing frá Landmótun sf. dags. í feb. s.l. og drög að deiliskipulagi.

Skipulags- og umhverfisnefnd leggur þunga áherslu á að aðgengi allra að stígakerfi og útsýnisþöllum verði tryggt eins og kostur er. Að öðru leiti leggur nefndin til við sveitastjórn að skipulagslýsingin verði samþykkt og skipulags- og byggingafulltrúa verði falin málsmeðferð skv. 3. mgr. 40. gr. laga nr. 123/2010.

Í áttunda lið er tekið fyrir erindi frá Jóni H. Gestssyni f.h. Landsvirkjunar þar sem óskað er eftir heimild sveitarstjórnar til að vinna deiliskipulagslýsingu af vinnubúðum Landsvirkjunar á lóð fyrrum Kísiliðjunnar. Einnig óskar hann eftir að skipulagslýsing deiliskipulagsins verði tekin til meðferðar skv. 2. mgr. 40. gr. laga nr. 123/2010. M.f. er skipulagslýsing dags. 25. mars s.l. unnin af Teiknistofu arkitekta, Gylfa Guðjónssyni og félögum ehf.

Nefndin leggur til við sveitarstjórn að Landsvirkjun verði heimilað að láta vinna deiliskipulag af vinnubúðum Bjarnarflagsvirkjunar skv. 2. mgr. 38. gr. laga nr. 123/2010. Jafnframt leggur nefndin til að deiliskipulagslýsingin verði samþykkt og skipulags- og byggingafulltrúa verði falin málsmeðferð skv. 3. mgr. 40. gr. laga nr. 123/2010.

Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu skipulags- og umhverfisnefndar á liðum eitt, þrjú, fjögur, sex, sjö og átta. Varðandi lið tvö vill sveitarstjórn einnig vísa til dóms Hæstaréttar nr. 65/2012. Sveitarstjórn samþykkir ekki afgreiðslu nefndarinnar á lið fimm heldur leggur fram eftirfarandi bókun:

„Samkvæmt 13 gr. jarðalaga ber sveitarstjórn að veita umsögn um landskipti. Bent er á að fyrrum Landbúnaðarráðuneyti nú Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti staðfestir landskipti meðal annars með tilliti til þess hvort skiptagerð samræmist lögum um landskipti. Með hliðsjón af athugun lögfræðings sveitarfélagsins, þá vísar 16. gr. laga nr. 46/1941 um landskipti til leiguliða á lögbylum en ekki lóðarleiguhafa. Orðalagið vísar ekki almennt til leigutaka á einstökum lóðum eða lóðasvæðum, en slíkir aðilar þurfa almennt að sæta eigendaskiptum á leigulandi. Ekki liggur fyrir að leigutakar eigi hagsmuni að landskiptum í skilningi greinarinnar, enda breytast leigusamningar ekki við landskipti.“

Sveitarstjórn veitir jákvæða umsögn um landskipti Reykjahlíðar.“  
Sveitarstjóri vék af fundi við afgreiðslu á lið fimm.

#### **4. Fulltrúi á aðalfund Baðfélags Mývatnssveitar hf.**

Aðalfundur Baðfélags Mývatnssveitar hf. verður haldinn í húsakynnum félagsins föstudaginn 12 apríl n.k. fulltrúi Skútustaðahrepps á fundinum verður Guðrún M. Valgeirsdóttir.

#### **5. Ályktun frá aðalfundi Veidifélags Mývatns.**

Aðalfundur Veidifélags Mývatns sem haldinn var í Skjólbrekku 23. mars s.l. samþykkti ályktun til sveitarstjórnar Skútustaðahrepps þess efnis að óska eftir upplýsingafundi um virkjunaráform í Bjarnarflagi og áhrif virkjunar á lífríki Mývatns, svo fljótt sem við verður komið. Á fundinn verði boðaðir að minnsta kosti allir veiðiréttarhafar, fulltrúar Landsvirkjunar, sveitarstjórn og þeir aðilar sem rannsakað hafa lífríki Mývatns hjá Veiðimálastofnun og Rannsóknarstöðinni við Mývatn. Sveitarstjórn tekur jákvætt í erindið.

**6. Ályktun frá stjórn Veidifélags Laxár og Krákár.**

Á stjórnarfundum Veidifélags Laxár og Krákár sem haldinn var í Hofi 23. Mars s.l. var samþykkt að beina eftirfarandi ályktun til sveitarstjórnar Skútustaðahrepps:

„Stjórn Veidifélags Laxár og Krákár samþykkir að óska eftir upplýsingafundi um virkjunaráform í Bjarnarflagi og áhrif virkjunar á lífríki Mývatns og Laxár, svo fljótt sem við verður komið. Á fundinn verði boðaðir allir veiðiréttarhafar innan félagsins, fulltrúar Landsvirkjunar, sveitarstjórnar og þeir aðilar sem rannsakað hafa lífríki Mývatns og Laxár hjá Veiðimálastofnun og Rannsóknarstöðinni við Mývatn“

Í greinargerð með ályktuninni segir að allar framkvæmdir er áhrif kunna að hafa á Mývatn hafi óhjákvæmilega áhrif um Laxá og allt til sjávar. Stjórn Veidifélagsins telur því nauðsynlegt að veiðiréttarhafar við Laxá fái allar upplýsingar um og taki þátt í þeirri umræðu sem fram kunni að fara hvað þetta varðar. Sveitarstjórn tekur jákvætt í erindið.

**7. Fulltrúi í vinnuhóp um vargeyðingu innan verndarsvæðis Mývatns og Laxár.**

Fulltrúi Skútustaðahrepps auk ráðinna grenjaskyttna verður Böðvar Pétursson.

**8. Framlagning kjörskrár v/alþingiskosninga 27. apríl n.k.**

Sveitarstjórn samþykkir að fela sveitarstjóra að semja kjörskrá. Jafnframt er sveitarstjóra veitt fullnaðarheimild til að fjalla um athugasemdir, gera nauðsynlegar leiðréttingar og úrskurða um ágreiningsmál sem kunn að koma fram að kjördegi vegna Alþingiskosninga 27. apríl n.k. í samræmi við 27. gr. laga um kosningar til Alþingis.

Berist ekki athugasemdir við kjörskrána eins og hún liggur fyrir felur sveitarstjórn sveitarstjóra að undirrita hana og afhenda kjörstjórn.

Kjörskrá mun liggja frammi almenningi til sýnis frá og með 17 apríl n.k.

Fleira ekki gert.  
Fundi slitið.  
Dagbjört Bjarnadóttir,  
Böðvar Pétursson,  
Karl Emil Sveinsson,  
Eyrún Björnsdóttir,  
Friðrik K. Jakobsson.